

og rg. nr. 390, 1974. Gæti sök, ef sönnuð þætti, varðað Karvel fangelisrefsingu, og eru því ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar eigi í vegi fyrir beitingu gæsluvarðhalds í þágu rannsóknar máls þessa.

Með vísan til alls framanritaðs og með vísan til framlagðra skjala og jafnframt með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 þykir rétt að verða við fram kominni kröfu rannsóknarlögreglustjóra ríkisins um gæsluvarðhald yfir Karvel Gränz í þágu rannsóknar málsins.

Þykir gæsluvarðhaldstíminn hæfilega afmarkaður sem allt (sic) til miðvikudagsins 12. september 1983, kl. 17.50, að telja.

#### Ú r s k u r ð a r o ð :

Karvel Gränz, fæddur 5. mars 1954, til heimilis að Hafnargötu 20, Keflavík, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 12. sept. 1984, kl. 17.50, að telja.

Miðvikudaginn 5. september 1984.

Nr. 158/1984. **Ákærvaldið**

gegn

**Kristjáni Aðalsteinssyni.**

Kærumál. Gæsluvarðhald.

#### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 30. ágúst 1984, en kærugögn bárust Hæstarétti sama dag.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldstíminn verði styttr verulega. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Ríkissaksóknari hefur krafist staðfestingar úrskurðarins, en jafnframt tekið fram í greinargerð sinni til Hæstaréttar, að ákærvaldið telji ekki, að framkomin rannsóknargögn veiti efni til að ætla, að varnaraðili hafi gerst sekur um brot á 173. gr. a almennra hegningarlaga.

Við sampröfun varnaraðilja og Ingólfs Sigurz hjá Rannsóknar-  
lögreglu ríkisins 22. ágúst sl. skýrði Ingólfur svo frá, að til varnar-  
aðilja hefðu runnið a.m.k. um það bil 460.000.00 krónur af  
1.265.000.00 krónum, er teknar hefðu verið út úr ýmsum sparisjóðs-  
bókum skiptaréttar Reykjavíkur á tímabilinu 28. febrúar til 2. júlí  
1984. Sjálfur greindi varnaraðli hins vegar svo frá, að af þessu fé  
hefði hann fengið alls 285.000.00 krónur. Þá fjárhæð hækkaði hann  
í 315.000.00 krónur í skýrslu, er hann gaf 25. s.m.

Varnaraðili hefur viðurkennt að hafa látið tveimur nafngreindum  
mönnum öðrum en Ingólfi Sigurz í té fikniefni í maí og júní þessa  
árs.

Með þessum athugasemdum og að öðru leyti með skírskotun til  
forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Ekkí eru efni til að sinna kröfu varnaraðilja um kærúmálskostn-  
að.

#### D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

#### Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 29. ágúst 1984.

Ár 1984, miðvikudaginn 29. ágúst, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur,  
sem háð er í Borgartúni 7 af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa, kveðinn  
upp úrskurður þessi.

RLR hefur gert þá kröfu, að gæsluvarðhald það, er Kristjáni Aðalsteins-  
syni verkamanni, fæddum 4. nóvember 1957, til heimilis að Njálsgötu 22  
hér í borg, var gert að sæta með úrskurði sakadóms Reykjavíkur þann 1.  
ágúst sl. og rennur út í dag kl. 17:00 verði framlengt allt til miðvikudagsins  
19. september 1984, kl. 17:00, vegna gruns um brot gegn 155. gr., 248.  
gr. og 173. gr. a alm. hegningarlaga nr. 19, 1940 og 2., 5. og 6. gr. laga  
nr. 66, 1974.

#### Málavextir.

RLR hefur síðan í byrjun júlí unnið að viðamikilli rannsókn á hvarfi  
bankabóka úr vörslu skiptaréttar Reykjavíkur og úttekt á fé úr þeim,  
samtals kr. 1.395.000.

Ingólfur Sigurz, sem var lausráðinn starfsmaður borgarfégetaembættis-  
ins, hefur viðurkennt að hafa stolið bankabókunum úr skrifstofum embættis-  
ins á tímabilinu frá því í febrúar þar til í júní s.l.

Ingólfur Sigurz hefur borið að hafa í félagi við kærða, Kristján Aðalsteinsson, tekið fé út úr bankabókunum og þeir síðan skipt fénu á milli sín. Ingólfur Sigurz hefur borið, að þeir hafi skipt fénu til helminga, en kærði Kristján kveðst eigi hafa fengið svo mikið í sinn hlut.

Fljótlega eftir að rannsókn máls þessa byrjaði, vaknaði sá grunur, að Kristján hafi varið mestum hluta þess fjár er í hans hlut kom, til fikniefna-kaupa, er hann hafi síðan selt og dreift. Kærði Kristján hefur viðurkennt, að eitthvað af fénu hafi farið til kaupa á fikniefnum, hassi og kókaini. Kærði kveðst hafa keypt efni af „Sigurði“ á tímabilinu frá því í apríl og þar til í júní sl. Kærði kveðst engin deili vita á „Sigurði“ önnur en þau, að hann hafi verið í Svíþjóð og Danmörku 1979-1981 og kærði þá hitt hann. Kærði kveður „Sigurð“ þá hafa selt og dreift fikniefnum. Kærði **bar að hann hafi byrjað að kaupa fikniefni af „Sigurði“ í apríl, en Ingólfur** hefur borið, að hann hafi byrjað að kaupa fikniefni af Kristjáni í febrúar sl. Kærði kveðst hafa selt Ingólfi Sigurz mestan hluta þessara efna og notað afganginn sjálfur. Kærði hefur og borið, að hluti af því fé, er í hans hlut kom, hafi hann notað til greiðslu skulda vegna heimilisins.

Kærði er grunaður um að hafa stundað sölu og dreifingu á fikniefnum á undanförnum mánuðum, en því hefur hann neitað að því undanskildu, að hann kveðst hafa selt Ingólfi Sigurz hass og kókain.

Sunnudaginn 26. ágúst var Karvel Gränz úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 12. ágúst 1984 með úrskurði sakadóms í ávana- og fikniefnamálum vegna gruns um fikniefnamisferli hans og kærða, Kristjáns Aðalsteinssonar.

Ingólfur Sigurz hefur borið við skýrslutökur hjá RLR að hafa verið staddur á heimili kærða Kristjáns í fjögur skipti á tímabilinu maí til júní s.l. og hafi Karvel Gränz þá komið þar og verið að kaupa af Kristjáni fikniefni. Ingólfur bar og, að Kristján hafi rætt um það við sig, áður en síðasta tilvikið átti sér stað, að komið væri fram yfir skilatíma hjá Karvel. Ingólfur kvaðst telja, að Karvel seldi fikniefni fyrir Kristján. Ingólfur kvað annan mann hafa komið með Karvel í tvö skipti. Kærði Kristján hefur viðurkennt, að Karvel hafi heimsótt sig og hafi Einar Ólafur Hannesson komið með honum í tvö skipti. Kærði hefur hins vegar alfarið neitað að hafa átt nokkur fikniefnaviðskipti við Karvel.

Við hútleit á heimili Karvels Gränz föstudaginn 24. ágúst sl. fundust ýmsir hlutir tengdir fikniefnum, m.a. vigt til að vigta efni, og reyndist eigandi vera Björn Eggert Kjartansson, leigjandi hjá Karvel. Björn bar við yfirheyrslu hjá RLR, að Karvel hafi oft frá því um mánaðamótin apríl - maí fengið vigtina lánaða til að vigta kannabisefni, sem hafi verið meira magn hverju sinni, en til eigin nota. Björn bar, að fyrir u.þ.b. þremur vikum hafi Karvel verið með klump á stærð við sigarettupakka og hafi lögum hans

líkst hluta af niðursneiddri hassköku og hafi Karvel verið að vigta efni þetta niður í 5 gr pakkningar.

Ingólfur Sigurz hefur borið í skýrslutöku hjá RLR að hafa orðið vitni að því í júnímánuði, að Sævar Sverrisson kom og keypti af Kristjáni 1 gr af kókaíni. Ingólfur bar og, að Sævar hafi komið oftast á heimili Kristjáns, er hann var þar, og greinilegt hafi verið, að hann var að kaupa af Kristjáni fíkniefni. Sævar Sverrisson gaf skýrslu hjá RLR í dag og kvaðst þrisvar til fjórum sinnum hafa heimsótt Kristján og í eitt skipti hafa keypt ¼ gr af kókaíni.

Af framansögðu er ljóst, að kærði Kristján hefur selt og dreift fíkniefnum til margra aðilja og í meira mæli en hann hefur þegar viðurkennt í skýrslum þeim, er hann hefur gefið hjá RLR. Rannsókn á þeim þætti máls þessa, er varðar sölu og dreifingu fíkniefna, er enn á frumstigi, og RLR hefur eigi reynst unnt að hafa upp á „Sigurði“ þeim, er kærði kveðst hafa keypt af fíkniefni.

Brot þau, er kærði er grunaður um, geta varðað fangelsisrefsingu samkvæmt XVII. kafla alm. hegningarlaga nr. 19, 1940, og 173. gr. a sömu laga.

Með vísan til framanritaðs verður að telja rannsókn á sölu og dreifingu kærða á fíkniefnum sé hvergi nærri lokið og sú hætta fyrir hendi, að kærði spilli sakargögnum, haldi hann óskertu frelsi.

Þykir rétt með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 að taka kröfu RLR til greina og ákveða, að kærði sæti gæsluvarðhaldi áfram allt til miðvikudagsins 19. september 1984, kl. 17:00.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Kristján Aðalsteinsson, skal sæta gæsluvarðhaldi áfram allt til miðvikudagsins 19. september 1984, kl. 17:00.

---